

<i>Titill:</i>	Notendahópur um verðvísitölur
<i>Fundarstaður og -tími:</i>	7. fundur, haldinn 5. júní 2008 á Hagstofu Íslands
<i>Fulltrúar Hagstofu Íslands:</i>	Ólafur Hjálmarsson, Rósmundur Guðnason, Guðrún R. Jónsdóttir, FinnboGI Gunnarsson, Heiðrún Guðmundsdóttir, Stefán Logi Sigurþórsson.
<i>Aðrir fundarmenn:</i>	<i>Notendahópur um vísitölu neysluverðs:</i> Karen Vignisdóttir Seðlabanka, Ólafur Ísleifsson Háskólanum í Reykjavík, Benedikt Valsson Icebank, Emil B. Karlsson Viðskiptaháskólanum á Bifröst, Hjördís Vilhjálmisdóttir Glitni, Helgi Tómasson Háskóla Íslands.

Fyrir fundinum lá eftirfarandi dagskrá:

1. Kjarnavísitölur, aðferðir og útreikningur.
2. Önnur mál.
 - Fundur um verðvísitölur í Genf 8.- 9. maí
 - Fundur um verðmælingar í Washington 12.-17. maí
 - Dagskrá næsta fundar.

Ólafur Hjálmarsson bauð fundarmenn velkomna. Ekki voru gerðar athugasemdir við boðaða dagskrá fundarins.

1. Kjarnavísitölur. Guðrún kynnti og fór yfir skilgreiningu á og aðferðir við útreikning kjarnavísitalna. Sérstaklega var kjarnavísitala 3, sem undanskilur vexti í húsnæðislíkaninu, kynnt. Birtar voru upplýsingar um áhrif vaxtabreytinga á vísitölu neysluverðs eftir að vextir á íbúðalánamarkaði tóku að breytast árið 2004. Töluverðar umræður urðu um húsnæðisliðinn og vextina.
2. Önnur mál:
 - Frásögn af fundi um verðmælingar í Washington 12.-17. maí. Rósmundur sagði frá fundinum þar sem m.a. voru til umfjöllunar aðferðir við útreikning eigin húsnæðis og fasteignavísitalna, þjóðhagsreikninga og fleira. Heiðrún og Rósmundur kynntu þar sinn pappírinn hvort, um gagnasöfnun í framleiðsluvísitölu og um fasteignavísitölur. Dagskrá og pappíra fundarins má nálgast á <http://www.indexmeasures.com>
 - Frásögn af fundi um verðvísitölur í Genf 8.- 9. maí. Guðrún sagði frá fundinum þar sem m.a. voru til umfjöllunar aðferðir við útreikning vísitalna og við söfnun, gæða eftirlit og úrvinnslu. Hún kynnti þar pappír um gagnasöfnun í framleiðsluverðsvísitölu. Dagskrá og pappíra fundarins má nálgast á <http://www.unece.org/stats/documents/2008.05.cpi.htm>
 - Leiga í Reykjavík. Félagsbústaðir í Reykjavík, stærsti leigusali landsins, breyttu fyrirkomulagi niðurgreiðslu sinnar á leigu þann 1. júní. Í stað beinnar niðurgreiðslu á hverja íbúð munu koma sérstakar húsaleigubætur háðar skilyrðum um tekjur og fjölskyldustærð. Leigjandinn mun ekki fá bæturnar í hendur fremur en niðurgreiðsluna áður. Álitamál er hvernig Hagstofan skuli meta þá verðbreytingu sem af þessu kann að hljóta. Almennt eru

húsaleigubætur ekki í vísitölu neysluverðs þar sem þær eru tekjutilfærsla. Í þessu tilfelli er þó ljóst að um breytt form niðurgreiðslu er að ræða, tengd íbúanum í stað íbúðar áður. Málið var rætt en enn er beðið eftir gögnum og mun Hagstofan kynna hvernig tekið verður tillit til þessara breytinga.

- Dagskrá næsta fundar. Ekki var ákveðið efni næsta fundar.

Fylgiskjöl:

1. Vísitala neysluverðs – kjarnavísitala 3, glærुकyning frá fundinum.